



# Alþingisgarðurinn

OG LÓÐ ALÞINGIS

Karl Guðjónsson / Landrými slf | Hugleiðingar og tillögur til úrbóta | 30.03. 2017

# Alþingisgarðurinn

Alþingisgarðurinn hefur sérstöðu í sögu íslenskrar garðlistar, telst meðal fyrstu almenningsgarða í Reykjavík. Hann er einfaldur í uppbyggingu, þar sem helstu skipulagsþættirnir eru göngustígar sem mynda krossliggjandi gönguása, hringlaga grasflöt í miðjunni og fjölærum blómum í beðum og setbekkir. Gegnum árin hefur hann tekið ýmsum breytingum, út frá gömlum myndum frá mismunandi tímum má álykta að gróðurfar hafi smá saman breyst frá fjöærum blómum sem aðalskraut, yfir í að verð meira trjá og runnagróður.

Umræður hafa verið um að friða garðsins, það vakna samt spurningar um hvað felst í friðun þar sem garðurinn hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina.

## Aðstæður og ástand alþingisgarðsins

Eftirfarandi skrif eru til umhugsunar um ástand garðsins. Einnig eru settar fram tillögur til úrbóta, sem meðal annars lúta að auðveldari hirðingu, opnari og bjartari garði, þar sem horft er til fortíðar og núverandi aðstæðna.

### Göngustígar

Þegar veður er þurrt þá eru göngustígar þokkalegir en þegar rignir eða frost að leysast úr jörðu þá breytast þeir í drullusvað að hluta. Líklega hafa aldrei farið fram eiginleg jarðvegskipti í stígum, heldur hefur gegnum tíðina verið bætt smá saman ofaná stígana þrifalagi af mól eða sandi sem svo veðst upp í drullu með tímanum.

### Trjágróður

Í dag eru ríkandi hávaxin runnagróður og fáein stærri tré. Helstu tegundir skrautrunna eru alaskayllir, úlfareynir, sírenur, reyniblaðka, gultoppur, dúntoppur, snækóróna og rósir, til viðbótar er svo stífkliptur gljámispill í limgerði sem rammur inn beð og göngustíga. Krónutré eru ilmreynir, gráreynir birki. Gljámispillinn er farinn að láta á sjá og er illa farinn á köflum, stærri runnar, alaskayllir og sírenur vaxa nálægt misplinum á sumum stöðum og skemma formið á limgerðinu. Gljámispill hefur þann ókost að það kemur stundum mikið að trjámaðki í hann, sem svo hefur kallað eftir eitrun. Í upphafi hefur skrautrunnum verið plantað nokkrum saman í litla hópa og klippt utanúr þeim til að fá þá til að “passa” inní rýmið, þar sem ef til vill hefði verið heppilegra að fækka runnunum og leyfa þeim sem eftir eru að hafa meira rými.

### Tryggvi Gunnarsson grafreitur

Umhverfi grafreitsins er illa farið, minnismarki farið að láta á sjá.

### Notun eiturfna

Skordýraeitur hafa verið notuð gegn skordýrum í trjágróðri og illgresiseitur notað gegn óæskilegum plöntum í gangstéttum. Notkun eiturfna er óæskileg í opnum almannarýmum.




## Þróun garðsins

Alþingisgarðurinn á rætur aftur til ársins 1893, þegar ákveðið var að gera hann. Til að átta sig á þessari þróun eru meðfylgjandi myndir að mestu fengnar af vef þjóðminjasafnsins, [www.sarpur.is](http://www.sarpur.is) og reynt að lesa í þær.



Mynd frá upphafsárum garðsins, áður en kringlan var byggð, en hún var byggð 1908. Stök blómabeð, að því er virðist frekar óregluleg inni grasflötinni. Tveir bekkir hafa verið til staðar á mótum hver öðrum.



Mynd frá 1894, Hávaxin blóm í grasflötinni, hugsanlega venusvagn, lúpína eða einhver hávaxin depla.



Ilmreynir



Garðabrúða og burnirót



Venusarvagn er áberandi á gömu myndunum



Hvönn




Líklega einhver tegund af prestaffli




Maðurinn horfir á venusvagn, hægra megin ilmreynir, sennilega íris fremst á myndinni



Mynd frá því um 1900 (Merkt frá 1866-1902 í Sarpinum). Vöxtulegur ilmreynir í grasflötinni.



Mynd frá því um 1900 (Merkt frá 1866-1909 í Sarpinum). Bekkirnir í garðinum hafa verið bogadregnir og fylgt forminu á bogadregnum stígnum. Grasrönd milli stígs og beða, þar sem í dag er lávaxið klippt limgerði úr gljámispli. Grasflötin virðist vera kúpt, í dag er hún meira í sama plani og stígarnir.



Mynd fjórði áratugarinn 1930-1940. Trjágróðurinn er farinn að vaxa og orðinn meira áberandi. Lágvaxnari gróður undir trjánun, sennilega ennþá mest fjölærar blómplöntur.




Vetrarmynd 1950. Hraunmolar virðast vera komnir sem afmörkun milli stígs og beða. Reynir og birki hefur verið plantað í röð meðfram stígnum.



Mynd frá 17. júní 1953. Á myndinn má greina að núverandi skipan blómabeða með sumarblómum í hring umhverfis grasflötina og hringlaga blómabeð í miðjunni er komið.




Mynd frá 17. júní 1979. Limgerði komið að einhverju leiti sem afmörkun milli stígs og beðs.



### Niðurstaða myndgreiningar

Út frá myndunum má greina að garðurinn hefur gengið í gegnum talsverðar breytingar frá 1893 til dagsins í dag.

- Það sem ekki hefur breyst mikið frá upphafinu eru gönguásarnir gegnum garðinn og hringlaga grasflöt í miðjunni með blómabeðum.
- Á upphafsárunum hefur garðurinn verið áberandi blómagarður, með fjölbreyttum tegundum fjölærra plantna.
- Í dag er garðurinn að mesu leyti byggður upp af mismunandi tegundum runna og trjáa, ásamt sumarblómum yfir sumartímann og blómstrandi túlípönum á vorin.



Árið 1986. Trjágróður og sumarblóm áberandi. Grenitré upp við húsvegg

# Tillaga að endurbótum á alþingisgarði

Tillagan tekur mið af fortíð og núverandi aðstæðum í garðinum, eftir því sem mögulegt er að lesa út frá gömlum myndum.

- Göngustígar
- Trjágróður
- Sumarblóm /Fjölær blóm
- Bekkir og annar útbúnaður
- Grafreitir Tryggva Gunnarssona

## Göngustígar

Lagt er til að jarðvegskipta stíga 60 cm niður. Fylla með mól undir og setja ca 5 cm göngustígasalla í yfirborðið.



*Það sem aðallega virðist vera upprunalegt eru gönguásarnir í garðinum.*

*Yfirborð stíga er lélegt, þegar rignir þá veðst yfirborðið upp í drullu, sérstaklega t.d. þar sem lægsti punkur er svæðið framman við grafreit Tryggva. Mjög líklegt er að aldrei hafi verið jarðvegsskipt í stígum, heldur hafi eingöngu verið bætt ofan á þrifalag smá saman í gegnum tíðina.*

## Bekkir og annar útbúnaður

Tillaga gerir ráð fyrir að horfa til fortíðar og setja aftur inn bogadregna bekk eins og var í upphafi. Þannig er gert ráð fyrir að bekkirnir séu út við göngustíg, en ekki í felum inni trjágróðri.

Það vantar einnig ruslafötur og einhverskonar útbúnað fyrir fólk til að losa sig við sígarettur. Eins og staðan er í dag þá er mikill óþrifnaður af rusli og sígarettustubbum kringum núverandi bekki.



*Mynd af bekk frá upphafsárum alþingisgarðsins. Bogadregnir trébekkir.*

## Trjágróður/limgerði


Limgerði meðfram stígum er gljámispill sem er farin að vera lélegur á köflum, í hann sækja líka fiðrildalirfur sem skemma hann, til að sporna við skemmdum hefur verið eitruð reglulega með skordyraeitri. Lagt er til að skipta um tegund og planta í staðinn alparífs, sem er laust við allar skordýraplágur, auk þess er það allt ljósara á litinn bæði blöð og greinar, það gæfi garðinum bjartara yfirbragð.

Annar trjágróður er ýmsar tegundir skrautrunna og trjáa, lagt til að færa til eða fella þá runna sem hefur verið plantað nálægt limgerði, hafa eingöngu lágvaxinn þekjandi gróður, fjölær blóm og runna næst limgerði, stórir runnar uppvið limgerði eyðileggja formið á limgerðinu, hafa stærri runna fjær limgerði.



*Limgerðið, út frá gömlum myndum þá virðast limgerði meðfram göngustígum ekki vera mjög gamalt, sennilega ca. frá árunum 1970-80.*

*Í upphafi hefur verið grasrönd þar sem limgerðið er í dag.*



*Hávaxinn trjágróður þétt upp að limgerðinu, skemmir formið á limgerðinu.*

## Fjölær blóm / sumarblóm

Tillagan gerir ráð fyrir að planta fjölærum plöntum með mismunandi eiginleika í opnar eyður hjá trjágróðri. Leggja þarf áherslu á þekjandi plöntur valdar með tilliti til mismundi blómgunartíma, mismundnadi vaxtarlag háar og lágar og birtuskilyrða skuggi/ljós.

Lagt til að breyta lögun sumarblómabeða eins og sýnt er á meðfylgjandi tillöguteikningu. Það verður t.d. auðveldara að komast að til að slá grasið.



*Margar tegundir fjölærra blóma hafa verið áberandi gróður í upphafi, sem svo með tímanum hefur fækkað og garðurinn breyst í að verða meiri trjágarður. Seinna hafa svo líklega komið inn sumarblóm, plantað í afmörkuð beð inni grasflötinni.*


## Grafreitir Tryggva Gunnarssonar

Lagt til að endurgera umhverfi reitsins, sjá sér umfjöllun.




*Umhverfi reitsins er illa farið, hraunhellur og tröppur úr skorðum, auk þess sem mikið illgresi er á milli hraunhellnanna.*

## Tillaga 1.



### Stálkantur



Tilagan gerir ráð fyrir að núverandi hraunhellur verði fjarlægðar og afmörkunin milli göngustíga, grassvæðis og blómabeða verði gerð úr lágum ryðlituðum stálkanti "cortonstáli". Það skapar skýrar, þunnar og lágar línur sem gerir hirðingu auðveldari.



*Dæmi um stálkant milli grassvæðis og malarstígs. Þetta er algengt að sjá t.d. í gömlum friðuðum gördum í Danmörku, myndin er frá Fredriksborgarhöll í Hillröd Danmörku, sem er endurnýjaður gamall barrokgarður frá 1726.*

### Bekkir


Tillagan er að færa bekkina meira til upprunans, þar sem voru bogadregnir bekkir sem voru staðsettir við göngustíg.

### Listaverk/Minnisvarði

Þetta horn er afskekktt og ekkert að gerast þarna. Þetta er rými sem gæti nýst fyrir einhversskonar listaverki eða minnisvarða.

## Tillaga 2.

Gert ráð fyrir að bekkir verði eins staðsettir og þeir eru í dag. Að öðru leiti eins og tillaga 1.



# Umhverfi grafreits Tryggva Gunnarssonar

Umhverfi grafreitar er illa farið, virðist ekki hafa verið hugað mikið að viðhaldi. Styttan og undirtaða hennar sitja þó nokkuð rétt á sínum stað:

- Tröppur eru úr sér gengnar, hafa gliðnað og runnið til. Tröppusteinar samt í góðu ástandi.
- Hraunhleðsla umhverfis er úr sér gengin, er í óhirðu og er vaxin illgresi. Ber þess merki að hafa fengið takmarkaða umhirðu.
- Horn hefur brotnað úr steinundirstöðu sem hausmynd situr á, virðist sem járnteinar tengi saman hausmynd og stein.
- Fúgufni í steinundirstöðu er farin að morkna.




Tröppur hafa runnið til og skekkst. Þarf að lagfæra, ef til vill þarf að moka efni undan þeim og setja frostfrítt efni.



Hraunhellur hafa runnið til og skekkst mikið



Fúgufni milli steiblokkanna er farið að losna og morkna



Mikið illgresi vex á milli hraunhellanna



Skjöldurinn farinn að láta á sjá, þarf að fríska uppá hann.



Hornið að undirsteininum hefur brotnað, líklega vegna þess að það er ryðgaður járnteinn sem festir hausmyndina, þar sem vatn hefur komist á milli og sprengt steininn.




# Tillaga að endurbótum

Minnisvarðinn og allt umhverfi hans þarfnast endurbóta.

Lagt til að rífa upp hraunhellur og þær endurlagðar með minni halla. Þær steinhæðaplöntur sem hægt er að nota verða notaðar áfram og öðrum viðeigandi plöntum bætt við.

Ef tillaga um að fjarlægja hraunhellur meðfram göngustígum gengur eftir, þá fellur til nokkuð magn af hellum sem lagt er til að nota sem viðbót við núverandi hraunhellur í halla, einnig lagt til að hlaðin verði upp blómaker úr hraunhellum sitt hvou megin við tröppur til að styðja við jarðveginn undir þeim. Fá steinsmið til að laga minnisvarðann.



Minnisvarði um Tryggva Gunnarsson,

Hraunhellur með steinhæðaplöntum,

Upphlaðin blómaker úr hraungrjóti meðfram tröppum.

# LÓÐ ALÞINGIS

Fyrir utan alþingisgarðinn, þá samanstendur lóð þingsins af stórum hluta af bílastæðum og göngusvæðum, ýmist malbikað, hellulagt úr steiptum hellum eða blágrýti. Það eru ýmis atriði sem ætti að huga betur að varðandi viðhald. Eftirfarandi myndir benda á atriði sem ætti að huga sérstaklega að. Númerin vísa til tillagna um endurbætur á næstu blaðsíðu.



1. Nokkrar steinhellur við aðalinngang eru sprungnar. Hvers vegna?, er það vegna þess að þungir bílar ná að aka þarna yfir?




2. Viðgerð á hellulögn. Frekar ósmekklegur frágangur. Þarna hefur verið steipt í staðinn fyrir að setja hellur í samræmi við það sem fyrir er.



3. Viðgerð á steinalögn, þarna hefur verið settar steiptar hellur á milli í staðinn fyrir að setja tilhöggvin stein í samræmi við það sem fyrir er.



4. Hellulögn er sigin og úr sér genginn í samræmi við aðiliggjandi malbik.



Eitt niðurfall er staðsett vestanmegin í planinu.



4. Hellulögn úr sér gengin og sigin.



5. Gulir skiltasteinar í algeru ósamræmi við umhverfi sitt.



5. Stórir skiltasteinar í algeru ósamræmi við umhverfi sitt.



6. Helmingurinn af planinu hefur sigið og vatnið situr í stórum pollum við gangstéttina.



7. Beð á horni Templarasunds og Vonarstrætis. Þetta horn hefur verið í óhirðu í langann tíma.

# Tillögur að endurbótum á lóð

1. Skipta út tilsagaðri steinhellu við aðalinngang sem er brotin með heilli steinhellu. Ef ástæðan fyrir brotinu er að bílar aki yfir hellurnar sem eru næstar götu, lagt til að setja þungt blómaker til hliðar við steinlögnina til að forða bílum frá að aka yfir steinalögnina
2. Setja viðeigandi hellur í staðinn fyrir svæði þar sem hefur verið klesst steypu í sem lagfæring
3. Setja viðeigandi tilhogna steina inní steinalögn í staðinn fyrir steypar hellur sem þar hafa verið settar sem lagfæring
4. Lyfta og lagfæra hellulagnir þar sem þær hafa aflagast.
5. Skiltasteinar verði fjarlægðir, lagt til að nota stór þung steyp t blómaker í staðinn þar sem þarf lokun. Gróður í slíkum kerjum getur verið hvort heldur sem er sumarblóm sem er skipt út reglulega, eða sígrænar lágvaxnir runnar, eða blanda af hvoru tveggja (sjá myndir að neðan).
6. Lagfæra malbikað plan þannig að vatn renni að niðurfalli. Þarf líklega að skera burtu og hækka helminginn af malbikinu, einnig þarf að hækka aðliggjandi hellulagnir sem samsvara því
7. Beð á horni Templarasunds og Vonarstærtir. Lagt til að planta viðeigandi lágvöxnum runnagróðri eða þekjandi fjölærum blómum í beðin og annaðhvort að setja trjákur eða sand yfir til að auðvelda umhirðu.



*Dæmi um gróðursetningar í stór og þung blómaker, sem gæti komið í staðinn fyrir núverandi skiltasteina*